

# HÚSÖNDIN

91.tbl. 2.árg.  
11.des. 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 12-18. DESEMBER

- 12.12 Rúnar Þór Jóhannsson  
13.12 Ásmundur Kristjánsson, Guðrún Ösp Erlingsdóttir  
Ísabella Ösp Guðmundsdóttir  
14.12 Hólmgeir G Hallgrímsson  
15.12 Marcelina Magdalena Pawlowska  
16.12 Inga Freyja P. Þórarinsdóttir  
17.12 Sigrún Skarphéðinsdóttir, Kristján Þórhallson  
18.12. Lukasz Boguslaw Czekanski



Þann 13. desember verða haldnir litlir jólatónleikar í Reykjahlíðarkirkju. Fram koma þeir Arnþór Þórsteinsson frá Vallakoti í Reykjadal og Jónas Þór Viðarsson frá Árdal í Kelduhverfi, ættaður og uppallinn á Knútsstöðum í Aðaldal.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20:30  
Lögin eru af ýmsum toga, frá kirkjusálmum yfir í nútíma jólatónlist.

Frítt er inn en við bjóðum upp á frjáls framlög til styrktar Gleym mér ei.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Jólakveðjur



Þingeyjarsveit auglýsir 100% starf byggingarfulltrúa laust til umsóknar. Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur eiga í samstarfi um skipulags- og byggingarmál samkvæmt samstarfssamningi þar um og því um að ræða starfsvæði beggja sveitarfélaga. Starf byggingarfulltrúa er lögbundið, sbr. 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Hlutverk hans er að veita embættinu faglega forystu og móta framtíðarstefnu innan ramma laga og reglugerða. Jafnframt að hafa eftirlit og eftirfylgni með að lögum um mannvirki nr. 160/2010, reglugerðum og öðrum lögum byggingarmála sé framfylgt.

## **Starfssvið:**

- Eftirlit og umsjón með byggingarmálum skv. kafla 3.10.1 í Byggingarreglugerð
- Ráðgjöf er varðar byggingarmál ásamt móttöku og afgreiðslu á byggingarleyfisumsóknum
- Framkvæmd úttekta, verkefna og útgáfa leyfa í samræmi við samþykktir og samþykki sveitarstjórna
- Samskipti við opinberar stofnanir, íbúa sveitarfélaganna og aðra þá sem tengjast verkefnum sviðsins
- Önnur verkefni sem viðkomandi er falið hverju inni og undir embættið heyra

## **Menntunar og hæfniskröfur:**

- Viðkomandi skal hafa löggildinu sem hönnuður skv. 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010
  - Reynsla og góð þekking á sviði byggingarmála
  - Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og reynsla á sviði skipulagsmála
  - Góð tölvukunnátta, sérstaklega í AutoCAD
  - Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
  - Mikil samskipta- og samstarfshæfni ásamt frumkvæði og öguðum vinnubrögðum í starfi
  - Bílpróf skilyrði
- Búseta í öðru hvoru sveitarfélagi starfsvæðisins auk þekkingar á staðháttum er kostur.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 23. desember 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri í síma

**464 3322/862 0025**

Umsókn ásamt fylgiskjölum skal skila ð á netfangið **dagbjort@thingeyjarsveit.is**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Þingeyjarsveit



Jónas Pétur náði Snaganum í nóvember og mun því geyma hann yfir hátíðarnar. Snaginn var fjarverandi þegar myndin var tekin og þá er gott að eiga Neyðarkonu frá Björgunarsveitinni Stefáni

Það verður spennandi að sjá hvar Snaginn lendir á nýju ári!



*Snagi mánaðarins er farandbikar sem veittur er þeim einstaklingi sem sækir Jarðböðin oftast þann mánuð.*

Kæru lesendur og viðskiptavinir

Síðasta Húsöndin á þessu ári kemur út í næstu viku 18. desember.

Fyrsti útgáfudagur á nýju ári verður 8. janúar.

Jólakeðjur verða birtar í næstu Húsönd og kosta 2500kr. m.vsk.

Þið getið haft samband við mig í síma 849-2804 eða með tölvupósti [husondin@gmail.com](mailto:husondin@gmail.com).

Hafið það gott á aðventunni, Arnþrúður





Við endurtökum leikinn og bjóðum 25% afslátt af árskortum í desember,  
Tilvalið að endurnýja kortin, já eða gefa upplifun sem endist í jólagjöf!

Einstaklingskort: 25.250,-

Hjónakort: 31.500,-

Fjölskyldukort: 33.750,-

Hlökkum til að sjá ykkur!

Kær kveðja frá starfsfólkinu í Jarðböðunum

## Markaskrá 2020

Markaeigendur í Suður-Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar og í Kelduhverfi.

Ákveðið hefur verið að gefa út nýja markaskrá á næsta ári.

Þeir sem vilja halda sínum mörkum og/eða gera breytingar á skráningu

marka eru beðnir um að hafa samband við markavörð á netfangið

**buvellir@simnet.is** eða í síma **898-8306 fyrir 10.jan n.k.**

Nauðsynlegt er að kennitala og bæjarnúmer fylgi mörkum.

Markavörður áskilur sér rétt til að ráðstafa mörkum sem ekki verða

endurnýjuð.

Sveinbjörn Þór Sigurðsson



# Opnunartími Íþróttamiðstöðvar yfir jól og áramót



Mán. 23. des. Þorláksmessa kl. 08:00 - 12:00  
Þri. 24. des. Aðfangadagur. Lokað.  
Mið. 25. des. Jóladagur. Lokað.  
Fim. 26. des. Annar í jólum. Lokað.  
Fös. 27. des. Föstudagur. Lokað.  
Lau. 28. des. Venjuleg opnun kl. 8:00 - 15:00  
Mán. 30. des. Venjuleg opnun kl. 9:00 - 20:00  
Þri. 31. des. Gamlársdagur kl. 08:00 - 12:00  
Mið. 1. jan. Lokað

## Venjuleg opnun frá og með 2. janúar 2020

## Lykilkort - Lengri opnunartími



Hægt er að kaupa LYKILKORT til þess að komast í líkamsræktina utan hefðbundins opnunartíma. Lykilkortið veitir aðgang að líkamsræktinni frá kl. 5.30 á morgnana og til kl. 23.00 alla daga vikunnar (hægt að vera í ræktinni til miðnættis). Með þessu móti er vinnandi fólki, ekki síst þeim sem eru í vaktavinnu, gert auðveldara að sinna líkamsrækt áður en vinna hefst eða að loknum vinnudegi. Lykilkortið kostar 3.000 kr. en þegar korti er skilað aftur fást 2.000 kr. endurgreiddar.

## Íþróttamiðstöðin



# Sækjum um í Loftslagssjóð



Stofnaður hefur verið Loftslagssjóður og heyrir hann undir umhverfis- og auðlindaráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga. Styrkir eru meðal annars ætlaðir til þess að styrkja rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við innleiðingu á nýjum loftslagsvænum tæknilausnum og hönnun. Umsóknarfrestur er til 30. janúar n.k.

Umhverfisnefnd Skútustaðahrepps hvetur áhugasama að sækja um styrk í sjóðinn.

Hægt er að kynna sér málið frekar á <https://www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/loftslagssjodur/>

## Umhverfisnefnd Skútustaðahrepps

# Opnunartími á hreppsskrifstofu um jól og áramót



Opnunartími hreppsskrifstofu Skútustaðahrepps um jól og áramót er eftirfarandi;

Þriðjudaginn 24. desember og þriðjudaginn 31. desember er lokað.

Föstudaginn 27. desember og mánudaginn 30. desember er lokað.

Að öðru leyti er hefðbundnn opnunartími.

## Hreppsskrifstofa

